



**Félag  
íslenskra  
ferðaskrifstofa**

THE ASSOCIATION OF ICELANDIC TRAVEL AGENCIES

*Alþingi*

*Erindi nr. P/13 / 775*

*komudagur 4/13 1991*

Fjárhags- og viðskiptanefnd  
neðri deildar Alþingis  
Hr. Páll Pétursson  
v/ Austurvöll  
101 Reykjavík

Reykjavík 26-02-1991.

Stjórn Félags íslenskra ferðaskrifstofa hefur fjallað um frumvörp til laga um fjárfestinga erlendra aðila sbr. bréf yðar dagsett 15. febrúar sl.

Félagið hefur fyrr vakið athygli á og varað við auknum umsvifum erlendra aðila í íslenskri ferðaþjónustu. Erlendir aðilar stunda í stórum stíl atvinnurekstur í ferðaþjónustu á Íslandi. Í því felst m.a. innflutningur á tækjum, matvælum og vinnuafli í þeim tilgangi að halda uppi ferðum um Island sem seldar eru erlendum ferðamönnum. Ekki er vitað til að þessir aðilar hafi leyfi til þessa reksturs, hvað þá að greiddir séu tollar og önnur opinber gjöld á sama hátt og íslenskir rekstraraðilar. Þannig er þessi starfsemi ekki aðeins ólögleg, einnig er starfsfólk oft óhæft t.d. til leiðsögu. Með þessu móti hafa erlendir aðilar haft verulega verðyfirburði yfir íslenskar ferðaskrifstofur, og nú er svo komið með svokallaðar tjaldferðir að erlendar ferðaskrifstofur hafa náð meira en helming þess markaðar, en þær íslensku ferðaskrifstofur sem byggðu hann upp berjast í bökkum eða hafa skipt um eigendur.

Í þeim hluta íslenskrar ferðaþjónustu sem byggir á móttöku erlendra ferðamanna er er mesti vaxtarbroddur atvinnulífs okkar í dag. Stór þáttur þeirrar þjónustu er aðgangur að og umgengni um viðkvæma náttúru landsins sem auðvelt er að spilla ef ekki er gætt að. Þó ymsir útlendingar sem framleiða ferðir til Íslands láti sér annt um landið okkar eru þeir líka til sem líta á Ísland sem einn áfangastað af mörgum sem í boði eru, og ekki sérstakt áhyggjuefni hvernig til tekst hér með náttúruvernd.

Frá sjónarmiði náttúruverndar hlytur að vera æskilegt að það séu íslendingar sem ráð ferðinni í ferðaþjónustu hérlandis. Meðferð og nýting náttúruauðlinda á að vera í höndum okkar sjálfra. Þess vegna þarf að sjá svo til að útlendingar nái hér ekki yfirburðastöðu í skjóli aðstöðumunar, jafnframt því að tryggj sé að íslensk fyrirtæki í ferðaþjónustu verði ávallt að meirihluta í eigu landsmanna.

Í ljósi þessa mælir Félag íslenskra ferðaskrifstofa með að orðalag 24gr. í frumvarpi til laga um ferðabjónustu sem nú er til annarar umræðu í neðri deild Alþingis verði tekið upp í það frumvarp sem hér um ræðir og gert að lögum á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst,



F.h. félagsstjórnar  
Karl Sigurhjartarson